

Stjórnarfundur

Fundargerð mánudaginn 19. febrúar 2024

Mættir á skrifstofu félagsins: Magnús Harðarson.

Á fjarfundi: Guðjón Guðjónsson Sigbór Hilmar Guðnason, Friðrik Höskuldsson, Jón Frímann og Björn Ármannsson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:00.

Dagskrá

- Kosningar til stjórnar félagsins.
- Staða kjarasamninga.
- Slit á styrktarsjóði skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa.
- Styrkbeiðni frá nemendafélagi Stýrimannaskólans. Þeir ætla að láta prenta boli með logoum þeirra sem styrkja, sjá upphæðir í meðfylgjandi skjali.
- Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar. Kynning á starfinu.
- Önnur mál

Mál 1. Kosning til stjórnar félagsins

Formaður sagði að nú færi í hönd kosningar til stjórnar eftir nýjum lögum félagsins.

Stjórn félagsins skal skipuð níu mönnum, formanni, varaformanni, ritara og sex meðstjórnendum. Í stjórn félagsins skulu vera fimm fiskimenn, einn farmaður, einn frá Landhelgisgæslunni, einn frá hafnsögumönnum/skipstjórum og einn frá öðrum starfsgreinum, auk átta varamanna sem skulu vera jafnmargir frá hverri starfsgrein og eru í stjórn. ÁS sagði frá því að uppstillingarnefnd myndi skila lista frambjóðenda til kjörstjórnar þann 28. febrúar nk.

Nokkur umræða skapaðist um kosningarnar sem nú standa yfir og fyrirkomulag þeirra.

Mál 2. Kjaramál.

PÆP fór yfir stöðu kjarasamninga hjá farmönnum, Landhelgisgæslunni, Hafrannsóknarstofnun og einnig hafnsögumönnum hjá Faxaflóahöfnum og Sambandi íslenskra sveitfélaga. Spurt var um stöðu kjarasamningsgerðar fyrir eldismenn. PÆP fór yfir stöðuna og sagði frá fundum með SFS nýlega. Við erum hóflega bjartsýnir því málið er og hefur verið þungt í vöfum. Það er kominn mikill kurr í okkar félagmenn á norðanverðum Vestfjörðum, þeir eru tilbúnir í aðgerðir ef ekki semst bráðlega en það er meiri ánægja innan raða eldismanna á sunnanverðum Vestfjörðum. Við höldum áfram með málið og verðum áfram í samskiptum við forsvarsmenn SFS og SA. Nýlega áttum við teams fund með þeim og í framhaldinu sendum við þeim drög að kjarasamningi fyrir skipstjórnarmenn á eldisbátum. Við höfum ekki fengið athugasemdir ennþá en eigum von á þeim innan tíðar.

Spurt var um nýgerðan kjarasamning Sjómannafélags Íslands og sagði formaður að okkar félagsmenn á fiskiskipum fái það sama og þeir. Má þar nefna m.a. 400.000 króna eingreiðslu frá útgerðarfyrirtækjum.

Mál 3. Slit á styrktarsjóði skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa

Formaður fór yfir hvernig staðið var að þeim slitum. Sjóðurinn var stofnaður af félagsmönnum Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar þann 17. febrúar 1894. Engar hreyfingar hafa verið á sjóðnum um árabíl, allar styrkveitingar fara í gegnum Sjúkrasjóð félagsins. Endurskoðendur hvöttu til að slíta sjóðnum og leggja hann niður þar sem skv. skipulagsskrá hans þarf að gera ársreikninga fyrir hvert almanaksár. Sjóðurinn því óþarfur. Sjóðurinn átti tvo bankareikninga í Landsbankanum með samtals inneign 823.898 krónum sem fluttar voru á reikning Sjúkrasjóðs. Fundarmenn gerðu engar athugasemdir við málið.

Mál 4. Styrkbeiðni frá nemendafélagi Stýrimannaskólans

Samþykkt var að styrkja nemendafélagið um 500.000 kr.- Logo félagsins ásamt logoum annara styrkveitenda verður prentað á boli.

Mál 5. Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar. Kynning á starfinu.

Formaður situr í nefndinni fyrir hönd félagsins, hann sagði frá því að á síðasta fundi nefndarinnar hefði verið kynning á stöðu starfshóps sem Svandís Svavarsdóttir skipaði til að skilgreina áherslur um verndun hafsvæða innan íslenskrar lögsögu til samræmis við markmið alþjóðasamninga.

Formaður starfshópsins Björn Helgi Barkarsson skrifstofustjóri sjálfbærni í matvælaráðuneytingu kynnti stöðu málsins. En í dag eru vernduð svæði 17 talsins og ná til tæplega 2% af fiskveiðilandhelginni. Starfshópnum er falið það hlutverk að koma með tillögur til ráðherra um verndarsvæði, hópurinn á að horfa til alþjóðlegra samninga um að a.m.k. 30% heimshafanna verði innan verndarsvæða eða njóti annarrar virkrar svæðisbundinnar verndar og verði stefnt að verndun innan efnahagslögsögu Íslands verði í samræmi við fyrrgreind markmið. Á þeim fundum sem ÁS hefur setið þar sem málefni verndarsvæða í íslenskri landhelgi hafa komið til umræðu, hefur hann meðal annars lagt áherslu á að í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi felist mikil friðun, sókn er miklu minni en áður og með allt öðrum hætti, netaveiðar hafa stórminnkað og togveiðiskipum hefur snarfækkað. Miklir hagsmundir eru fyrir okkar félagsmenn m.a. að ekki verði lokað á þekktar veiðislóðir. Nauðsynlegt er að skipstjórnarmenn verði með í ráðum varðandi tillögur um fyrirhuguð verndarsvæði, ÁS mun stofna hóp skipstjórnarmanna í þessu skyni. ÁS sýndi mynd af fyrirhuguðu ferli sem að síðustu verður sett í samráðsgátt, þar sem allir geta komið með athugasemdum á framfæri. Í framhaldi af því tekur ráðherra ákvörðun hvort viðkomandi svæði verður lokað eða hvernig lífríki þess verði verndað.

Friðrik Höskuldsson sagði að það væri eitthvað í gangi sem erfitt er að átta sig á, tengist þetta eignarupptöku á eyjum, hlunnindajörðum o.s.frv.?

Nokkur umræða skapaðist um málið. ÁS sagði að gert væri ráð fyrir því að verndarhólfinn (svæðin) geti verið ýmiskonar, gert væri ráð fyrir því að þau yrðu vöktuð og hægt væri að opna þau ef það sýndi sig að það væri óþarft að hafa þau lokað. Sagan segir okkur hinsvegar að mjög erfitt er að opna hólif sem búið er að loka. Um er að ræða alþjóðlegar reglur og skuldbindingar og því er mikilvægt að taka þátt í þessu starfi til að hafa áhrif á niðurstöðuna og að hagsmunum okkar verði haldið til haga. Það þarf að horfa til þess að ekki verði eingöngu lögð áhersla á verndarstefnu heldur líka nýtingarstefnu í ráðuneytinu.

Önnur mál.

ÁS sagði frá því að menn hefðu komið að máli við hann um að það þyrfti að halda til haga og koma í prent helstu staðarheitum á fiskimiðum hringinn í kringum landið. Frá því að farið var að stunda fiskveiðar við Ísland hafa sjómenn lagt á minnið ákveðin kennileiti til að þeir geti ratað aftur á fengsæl fiskimið og um leið lært á umhverfi sitt til að þeir mættu sigla um það á sem auðveldastan og öruggasta hátt. Fiskimið hafa oftast tvö kennileiti, sem kallast mið, þó ekki sé það einhlítt. Vitneskjan um fiskimið hefur borist á milli kynslóða en nú hafa orðið miklar þjóðfélagslegar breytingar og tækniframfarir. Fullkomin staðsetningartæki segja skipstjórnarmönnum nákvæmlega hvar þeir eru staddir og þekking á nöfnum miða og fiskimiða er því í hættu. Nokkur fiskimið voru merkt inn á sjókort en önnur ekki. Fundarmenn voru sammál því að halda þyrfti til haga nöfnum gamalla toglóða og annara fiskimiða og gaman væri að segja frá því hvernig nöfn þeirra voru tilkomin. Heiti fiskimiða er hluti af tungutaki sjómanna og þ.a.l. menningu okkar og því mikilvægt að þau hverfi ekki og týnist. Nefnd voru í þessu sambandi til dæmis nöfnin Stóri Brandur, Litli Brandur, Vodkakassinn, Hórukassinn, Munaðarhóllinn, Brjálaða Bína ofl. ÁS ætlar að ræða við menn um það hvernig þessu verður best við komið.

Fleira ekki rætt,

Fundi slitið kl. 12:57



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Petursson fundarritari